

# Nú skal segja...

Þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna í leikskólanum Geislabaugi



Verkefnastjóri:  
Jóhanna Kr. Jónsdóttir  
Ábyrgðarmaður:  
Ingibjörg Eyfells

Mars 2015

Leikskólinn Geislabaugur febrúar 2015

Verkefnastjóri: Jóhanna Kr. Jónsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Eyfells

Stýrihópur verkefnis:  
Alda Ómarsdóttir  
Alma Rut Sigmundardóttir  
Anna Valdís Kro  
Dagbjört Rut Bjarnadóttir  
Riina Kaunio  
Þóra Jóna Jónatansdóttir

Sérstakar þakkir til Ingólfs V. Gíslasonar.  
Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði leikskóla í Reykjavík.

## Innihald

1. Kynning.....	1
2. Upphafið.....	1
3. Hvers vegna jafnrétti í leikskólastarfi?.....	3
3.1 Komum við eins fram við kynin?.....	5
4. Fyrsti áfangi: Lífið í leikskólanum.....	7
4.1 Skráning á leikefnivið.....	9
4.2 Skráning á því hvaða leikefnivið börnin velja sér í svæðavinnu.....	10
4.3 Skráning á dótadegi.....	11
4.4 Skráning á öskudagsbúningagerð.....	12
4.5 Myndbandsupptökur á deildum þar sem skoðuð eru samskipti kennara og barna.....	14
5. Annar áfangi: Þemavikur.....	15
5.1 Þemavika I: október 2012.....	15
5.2 Þemavika II: nóvember 2012.....	17
5.3 Þemavika III: desember 2012.....	17
5.4 Þemavika IV: janúar 2013.....	18
5.5 Þemavika V: febrúar 2013.....	19
5.6 Þemavika VI: mars 2013.....	20
5.7 Þemavika VII: 15 – 19 apríl 2013.....	20
6. Þriðji áfangi: Kennarinn er málið.....	22
6.1 Hlutverk kennara.....	24
6.2 Kennarakönnun.....	27
6.3 Gátlistinn:.....	28
6.4 Fræðsla fyrir kennara.....	29
7. Hvað höfum við lært?.....	30
8. Hvað svo?.....	32
9. Að lokum.....	34
Heimildaskrá.....	36
Viðaukar.....	37



## 1. Kynning

Leikskólinn Geislabaugur er sex deilda leikskóli í Grafarholti, einu af úthverfum Reykjavíkur. Leikskólinn tók til starfa sumarið 2004 í stóru og skemmtilegu húsnæði sem staðsett er í miðju hverfisins. Í leikskólanum eru 137 börn og þar starfa að jafnaði um 34 kennarar og aðrir starfsmenn. Leikskólustjóri er Ingibjörg Eyfells og hefur hún stjórnað skólanum frá því að hann opnaði. Í Geislabaugi er unnið eftir kjörorðunum virðing, gleði og sköpun og lögð er áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, gleði og kærleika í öllum samskiptum og tækifæri til sköpunar. Til að ná fram þessum markmiðum er stuðst við hugmyndafræði Reggio Emilia. Litið er á barnið sem sterkan og hæfileikaríkan einstakling og leitast er við að þroska öll skilningarvit og hæfileika barnsins. Í Geislabaugi er lögð rík áhersla á að skapa gott og jákvætt andrúmsloft þar sem börnum og starfsmönnum líður vel og að allir fái tækifæri til að þroska sína góðu eiginleika.

## 2. Upphafið

Við í kennarahópnum í Geislabaugi vorum farin að ræða það okkar á milli að það væri kominn tími til að við færum að vinna markvisst að einhverju þróunarverkefni. Starfið hjá okkur var komið í mjög góðan farveg og í stöðugri þróun. Enginn í okkar hópi hafði unnið að þróunarverkefni áður og vorum við því alveg tilbúin til að taka það skref. Um svipað leyti var komið að máli við okkur og skorað á okkur að skoða það að gera þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólum. Eftir umræður í starfsmannahópnum var ákveðið að sækja um styrk í Þróunarsjóð leikskóla. Við fengum styrk til þriggja ára og var því ekkert að vanbúnaði um að hefjast handa. Á haustdögum 2011 var stofnaður stýrihópur í leikskólanum til að halda utan um verkefnið og settum við niður áætlun um hvernig við ætluðum að vinna. Við fengum Ingólf V. Gíslason dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands í lið með okkur sem faglegan leiðbeinanda. Þegar líða tók á tímabilið þróaðist vinna okkar mikið með tilheyrandi áherslubreytingum og nýjum hugmyndum. Töluverðar breytingar hafa orðið í samfélaginu á meðan vinna við þetta verkefni hefur staðið. Umræða um jafnrétti hefur aukist mjög mikið og teljum við að mikil vitundarvakning um jafnan rétt kynjanna hafi átt sér stað í samfélaginu og víða um heim, þrátt fyrir að enn sé langt í land.

*Stelpan er að fara að hlaupa með Strákunum. Strákur stoppar hana og segir: "Stelpur hlaupa ekki. Strákar hlaupa bara"*

Áhugi kennara á verkefninu var töluverður og kom strax í ljós að verkefnið gat orðið mjög yfirgripsmikið og margir fletir sem hægt væri að vinna út frá. Við ákáðum að nota uppeldislegar skráningar til að skoða viðhorf barnanna og reyna að sjá hvernig þau kynja veröldina.

Hugmyndina að nafni verkefnisins fengum við frá vel þekktu jólalagi sem sungið er á Íslandi á hverju jólaballi. **Nú skal segja** fjallar um hvað stelpum og stráku finnst skemmtilegast að gera. Er þetta einn af þeim textum sem við kennum börnunum hugsunarlaust og oft án þess að gera okkur grein fyrir því hvaða viðhorf við erum að kenna í leiðinni. Það finnst mörgum erfitt að taka ákvörðun um að hætta að syngja texta eins og þennan. Hann er orðinn hluti af menningu okkar, og ef halda á áfram að syngja hann er nauðsynlegt ræða innihald hans við börnin og jafnvel snúa við hlutverkum.

### 3. Hvers vegna jafnrétti í leikskólastarfi?

Til að ákveða hvaða leið við ættum að fara í þessu verkefni kynnum við okkur lög og reglugerðir um jafnrétti og skólastarf. Ný Aðalnámskrá leikskóla kom út árið 2011. Þar kemur fram að einn af sex grunnþáttum menntunar á öllum skólastigum er jafnrétti. Hinar stöðrnar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, mannréttindi og sköpun. Allir þessir grunnþættir eiga sér stoð í lögum fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14). Jafnréttiskennsla þarf því að vera sýnileg og áberandi í öllu skólastarfi og er það lagaleg skylda okkar að sinna jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Í 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að „á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008). Einnig kemur fram að kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í leikskóla eru náms og kennslugögnin leikefniviður sem börnin leika sér með, bækur sem þau eru að lesa og skoða, ljóð sem kennd eru, myndir í umhverfinu og svo mætti lengi telja. Það er því á ábyrgð okkar sem störfum í leikskólum að sjá til þess að hvergi halli á kynin í vali á leikefnivið.

*Kennari: (var að aðstoða stúlku í nýprjónaða ullarsokka) Var pabbi þinn að prjóna svona fína sokka á þig? Stúlkan horfir mjög ákveðin á kennarann og segir með þjósti: nei! pabbi minn er ekki mamma!*

aðalnámskrá leikskóla er einnig talað um að megin markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. „Að hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindrandir í vegi hvors kynsins“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls, 20). Jafnréttismenntun á að fela í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess til að kenna börnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 19-20). Mikilvægt er að kennarar taki þátt í jafnréttisumræðu í samfélaginu, skoði og meti umræðuna og miðli til barnanna, allt eftir aldri og þroska. Þannig gegnir kennarinn lykilhlutverki í jafnréttisfræðslu í skólans.

Í gr. 2.3.2 Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2008 segir að allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð Reykjavíkurborgar og stofnanna hennar eigi að hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Hvetja eigi börn og unglinga til að rækta

hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda (Mannréttindastefna Reykavíkurborgar, 2008, bls 4).

Hlutverk kennara er því skýrt. Jafnrétti skal haft að leiðarljósi í allri vinnu með börnum, á öllum skólastigum.

En hvað felst í því? Fá öll börn jöfn tækifæri til náms, óháð kyni? Komum við eins fram við öll börn og fá allir jafna athygli kennara? Eru öll börn með sama aðgang að öllum leikefnið, eða stýrum við börnunum meðvitað eða ómeðvitað að leikefnið sem við teljum að höfði til þeirra út frá kyni? Margrét Pála Ólafsdóttir fjallar um kynjauppeldi í bókinni sinni, *Uppeldi er ævintýr*. Hún segir „*fyrsta spurningin í lífi hvers barns snúist um kynferði. Vangaveltur um heilbrigði barns og móður eftir fæðinguna verða að bíða. Kynferðið er grundvalla atriði fyrir umhverfið, það eru fyrstu kassarnir sem flokkað er í. Börnin stækka og vaxa og byrja sjálf að skilja lífið og nota þá kynferðið til að flokka allt og alla*“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls 58).

Umhverfið mótar viðhorf barna og hefur áhrif á skilning þeirra á veröldina. Viðhorf barna mótast einnig af hegðun og tali fullorðinna. Eins og fram kemur í *Leiðarvísi og gátlista um jafnréttisuppeldi í leikskólum* (2005, bls. 5), mótast þau einnig af myndum sem þau sjá í fjölmiðlum, bókum, leikföngum og ýmsu sem þau heyra í umhverfi sínu. Ekki má gleyma því að það sem börn sjá ekki, mótast einnig skilning þeirra á samfélagi sínu og veröldinni. Það að börnin alist upp við að sjá bara karla í hefðbundnum karlahlutverkum og konur bara í hefðbundnum kvennahlutverkum hefur mótandi áhrif á barnið og getur það dregið úr líkum á því að barnið hætti sér yfir kynjalandamærin. Það skiptir því gríðamiklu máli, til þess að barn alist upp við að kynin hafi jafna möguleika í leik og starfi að kennarar sjái til þess að báðum kynjum sé gert jafn hátt undir höfði, að börnin upplifi t.d. að allur leikefniður, kennslubækur, barnaefni, sögubækur og söngtextar höfði til beggja kynja. Kennarar þurfa að passa upp á að hvergi halli á annað kynið og að ekki sé gert lítið úr öðru kyninu á kostnað hins. Kennarar gegna því veigamiklu hlutverki gagnvart börnum og þurfa stöðugt að skoða eigin viðhorf og meta hvernig þau berast til barnanna.

*Mamma  
ræður öllu  
heima hjá mér  
Kennari: nú, af  
hverju?  
Af því að hún  
kann að fara í  
handahlaup!*



### 3.1 Komum við eins fram við kynin?

Loris Malaguzzi segir að til séu hundruð ímynda af barni. Hann segir að hvert okkar hafi innra með okkur ákveðna ímynd af barninu sem stjórnir okkur í samskiptum við það. Þessi ímynd fær okkur til að haga okkur á sérstakan hátt; hvernig við tölum við barnið, hlustum á það og upplifum það. Það getur verið erfitt fyrir okkur að haga okkur í andstöðu við þá ímynd sem mótast hefur innra með okkur. Sem dæmi um þetta er að ef ímynd þín er, að strákar og stelpur séu mjög ólík þá munt þú haga þér á mismunandi hátt í samskiptum við þau (The ethics in Loris Malaguzzi's philosophy, 2013, bls 60).

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að strákar fái almennt meiri hjálp (t.d. við að klæða sig) en stelpur og fái því meiri þjónustu, á meðan stelpur fá meiri kennslu í því að klæða sig sjálfar. Með þessu verða strákarnir af kennslu í sjálfsbjörg, fínhyfingum og samhjálp. Það hefur einnig verið sýnt fram á að drengir noti að jafnaði meira af rými skólans en stúlkur. Einnig að athygli kennarans er mun meiri á drengjum en stúlkum sem gerir það að verkum að stúlkur upplifa sig minna mikilvægar. Rannsóknir segja okkur að stelpur og strákar eru ótrúlega ung þegar þau vita hvað er stelpulegt og hvað er strákalegt. Þær sýna að gerðar eru mismiklar kröfur til stelpna og stráka til þátttöku í heimilsstörfum. Þær sýna líka að kennarar umgangast börnin á mismunandi hátt, beiti röddinni á ólíkan hátt og gefi börnunum mismunandi athugasemdir um verk sín eftir því við hvort kynið verið er að tala (Jafnréttishandbókin, 2005, bls. 9).

*Stelpa: Hvenær ætlast þú að fara í prinsessuleik með mér?*

*Strákur: Aldrei!*

*Stelpa: Af hverju ekki?*

*Strákur: Lífið er bara svo stutt!*

Það hefur líka áhrif á börnin hversu mörg atriði í samfélaginu eru tengd öðru kyninu og verða kynjuð. Má þar t.d. nefna ákveðnar starfsgreinar eins og hjúkrunarfræðinga, leikskólakennara, smiði og slökkviliðsmenn. Ákveðin hegðun, framkoma, orðalag eða litaval á fötum hefur einnig verið kynjuð á þennan hátt. Skortur á gagnrýni á kynhlutverk hindrar okkur í að koma auga á kynjamsrétti í samfélaginu og stundum verður menning okkar svo gegnsýrð af hugmyndum um líffræðilega eiginleika kynjanna að við sjáum ekki áhrifin sem þetta hefur í samfélaginu (Jafnrétti, 2013, bls. 13).

Við þurfum því að efla bæði drengi og stúlkur og styrkja þau í að verða sjálfstæða og sterka einstaklinga sem þora og vilja brjóta upp hefðbundin kynjahlutverk. Það getum við gert m.a. með því að þroska jákvæða eiginleika sem eru veikir hjá hvoru kyninu um sig og auðveldað

*Fimm börn, fjórir piltar og ein stúlka voru að leika sér. Einn piltur var að setja alla í hlutverk og stilltu hin börnin sér upp í röð. Strákarnir áttu að vera Spidermann og ósýnilegi maðurinn. Svo kom að stúlkunni S: „Hvað á ég að vera?“  
P: „Hmm, þú ert stelpa. Þú átt að þrifa!“*

þannig bæði stelpum og strákum að taka jafna ábyrgð á mismunandi skyldum samfélagsins og vinna um leið gegn hefðbundnumviðhorfum um hlutverka-skiptingu kynjanna (Jafnréttishandbókin, 2005, bls. 9).

En hvað hindrar okkur í að vinna með jafnrétti í leikskólanum? Bókin Rosa

pedagogik fjallar um jafnréttiskennslu í leikskólum í Svíþjóð. Þar segir meðal annars að það starfsfólk sem vilji vinna að jafnréttisverkefnum í leikskólum mæti oft mótstöðu frá samfélaginu, foreldrum, yfirmönnum og öðru starfsfólki innan leikskólans og þurfi sífellt að verja verkefnið. Einnig er talað um að kennara skorti tíma til að sinna jafnréttisfræðslunni. Þrátt fyrir þessar hindranir eru fjölmargir leikskólar í Svíþjóð að vinna að því að aðlaga sig meira og meira að jafnrétti kynjanna bæði fyrir börn og fullorðna. Linnea Boden segir nauðsynlegt að takast á við nýjar áskoranir, spyrja spurninga og gagnrýna starfið sem á sér stað í leikskólunum. Hún segir að það séu tvö megin atriði hvað varðar jafnréttisleikskóla. Umhverfið þarf að vera kyn-hlutlaust og þurfa að skoða tungumálið sitt og vera meðvitaðir um hvernig þeir tala við börnin (En Rosa Pedagogik, 2013, bls. 35).

#### 4. Fyrsti áfangi: Lífið í leikskólanum

Á haustdögum árið 2011 fórum við af stað með verkefnið. Við byrjuðum á því að stofna kjarnahóp sem tók að sér að halda utan um vinnuna. Í hópnum voru fjórir deildastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Hópurinn hefur tekið breytingum á tímabilinu þar sem nokkrir hafa hætt og aðrir komið í staðinn. Það varð strax ljóst að verkefnið yrði mjög viðamikilið og þótti okkur erfitt að skilgreina hvaða þætti jafnréttis í leikskólastarfinu við ætluðum að einblína á. Við viðuðum að okkur upplýsingum og lásum okkur til um efnið. Hópurinn hélt fundi með Ingólfi V. Gíslasyni þar sem lagðar voru línurnar fyrir verkefnið. Ingólfur hélt einnig fyrirlestur fyrir alla kennara skólans um kynjauppeldi. Við fengum skriflegt samþykki foreldra og kennara fyrir því að taka mætti skráningar upp á myndbönd og samþykktu allir foreldrar nema einn og var það skemmtileg þátttaka.

- Við ákváðum að setja niður eftirfarandi markmið:
- Að gera kennara Geislabaugs meðvitaðri um mikilvægi jafnréttis í uppeldi barnanna.
- Að skoða hvort við séum að veita stelpum og stráku jöfn tækifæri til náms.
- Að skoða hvernig börnin, stelpur og strákar, tala saman og greina undirliggjandi viðhorf þeirra hvort til annars.
- Að skoða hvernig leikskólinn mætir mismunandi þörfum stelpna og stráka
- Að auka meðvitund kennara um viðhorf sín og hvernig þeir koma þeim á framfæri í orðum og gjörðum.

Í samráði við Ingólf var settur saman verkefnalisti um hvað við ætluðum að skoða og gera í fyrsta áfanga verkefnisins.

- Horfa inn á við, líta í eigin barm. Taka upp myndbönd og rýna í samskipti og leikinn.
- Skrá leikefni við leikskólans. Hvað er „strákadót“, hvað er „stelpudót“ og hvað er „hlutlaust dót“ á grunvelli mats kennara.
- Skoða með hvað börnin leika sér. fara strákar í „stelpudótið“ og stelpur í „strákadótið“. Allar stelpur og allir strákar?
- Kynja börnin leikföng í samræðum við starfsfólk eða sín á milli?
- Hvaða leikföng koma börnin með á dótadegi?
- Hvað er sungið í leikskólanum? Hvaða mynd er þar af stelpum og stráku og almennum kynhlutverkum?
- Hvað er lesið í leikskólanum? Hvað mynd er þar dregin upp af stráku og stelpum og almennum kynhlutverkum?



Við skiptum tímabilinu upp í þrjá áfanga. Í áfanga eitt söfnuðum við að okkur upplýsingum og heimildum. Tókum myndir og myndbönd. Könnuðum allann leikefnivið og fengum fyrirlestra og kynningar fyrir starfsmannahópinn. Allt var þetta notað til að skoða hvernig börnin voru að kynja tilveru sína og hvernig þau komu fram við hvort annað. Einnig var skoðað hvernig viðhorf kennara spegluðust í leikskólastafinu. Í áfanga tvö lögðum við áherslu á verkefna- vinnu með börnunum. Við höfðum þemaviku einu sinni í mánuði þar sem unnin voru verkefni í svæðavinnu tengd jafnrétti. Við fórum yfir bókasafnið og söngbókina og fengum fleiri fyrirlestra fyrir kennarana. Áfangi þrjú fór í úrvinnslu gagna, gerð jafnréttisáætlunar og jafnréttisgátlista Geislabaugur.



#### 4.1 Skráning á leikefnivið

Kennarar fóru yfir allann leikefnivið á deildunum og skráðu hvað þeim fannst vera „strákadót“, „stelpudót“ og „hlutlaust dót“. Það kom fram að á þessum tímapunkti áttum við minna af leikföngum sem við skilgreindum sem strákadót heldur en stelpudót eða hlutlaust dót.

Stelpu dót	Stráka dót	Hlutlaust dót
18	12	72

Við gerðum aðra könnun í lok verkefnisins og báðum kennara að merkja við hvaða leikefnivið kynin væru að nota á hverri deild fyrir sig. Þetta var einstaklingskönnun og tóku 27 kennarar þátt. Kennarar fengu lista af leikefnivið sem til var í skólanum og merktu við hvort þeir teldu hann höfða meira til stelpna, stráka, eða til beggja kynja. Í ljós kom að flestir kennarar telja að efniviðurinn höfði nokkuð jafnt til beggja kynja.

Niðurstaðan úr þessari könnun var að fleiri nefndu að meira væri til af strákadóti en stelpudótir

Oftar nefnt sem stelpudót	Oftar nefnt sem strákadót
12 leikefniviðir	20 leikefniviðir

Lítið var um „strákadót“ nema bílar, bílateppi og risaædlur. Það sem var áberandi „stelpudót“ voru kjólar, dúkkur og hárgreiðsludót. Þessi efniviður var líka talinn höfða til beggja kynja af mörgum kennurum. Það má þó draga af þessu þá ályktun að núna sé til meira af efnivið sem höfðar frekar til drengja. Einnig má skoða þann efnivið sem höfðar frekar til stúlkna þar sem hann virðist meira tengjast útliti og umönnun heldur en efniviður drengjanna. Þetta sýnir að það er auðvelt að sofna á verðinum og kennarar þurfa stöðugt að vera vakandi fyrir því að efniviðurinn sem börnin leika með ýti ekki undir staðalímyndir kynjanna. Í framhaldi af þessu fornum við aftur yfir leikefniviðinn okkar og tóku út t.d. prinsessu- og ofurhetjubúninga og annan efnivið sem ýtir undir útlitsdýrkun og staðalímyndir. Við ætlum að einbeita okkur að því að safna hlutverkabúningum og búningum sem bjóða uppá marga möguleika. Aðaláhersla verður lögð á opinn efnivið ss kubba af öllum stærðum, meiri áherslu á hlutverkaleikinn á leiksvæðum og verðlaust efni.

#### 4.2 Skráning á því hvaða leikefnivið börnin velja sér í svæðavinnu

Í Geislabaugi velja börnin sér svæði; leiksvæði, listasvæði, byggingasvæði og læsisvæði. Börnin þurfa svo að koma sér saman um það hvað gert verður á svæðinu og hvaða efniviður er notaður. Markmiðið var að kanna hvort stelpur léku með „strákadót“ og hvort strákar léku með „stelpudót“.

Við gerðum skráningu á 4 vikna tímabili í mars 2012. Skráningin var gerð á tveimur deildum með elsta árganginum í leikskólanum. Það var áhugavert að sjá hvaða svæði kynin völdu. Byggingasvæði völdu stelpur 14 sinnum á móti strákum sem völdu það 37 sinnum. Verkefni á byggingasvæði voru einingakubbar, rúllubrautir, byggja úr kössum og legó. Leiksvæði völdu 7 stelpur á móti 17 strákum. Efniviður sem börnin völdu sér á leiksvæði voru klikk kubbar, lögguleikur, stórt legó, star wars, kapplakubbar, bílar, smíðadót, dúkkuleikur og dúkkulísur. Listasvæði völdu 39 stelpur og 11 strákar. Börnin völdu sér að mála, leira, gera sjálfsmynd, lita og teikna. Fjórða svæðið er læsisvæði. Þar völdu börnin að spila, skrifa stafi og orð, gera vinnubókarverkefni, fara í leiki og púsla. Læsisvæði völdu 11 stelpur og 20 strákar. Á þessu

tímabili kom greinilega í ljós að svæðin vöktu mis mikinn áhuga hjá kynjunum. Áberandi var að strákarnir voru meira fyrir byggingasvæði og stelpur meira fyrir listasvæði. Leiksvæði höfðaði betur til strákanna og áberandi að þeir réðu því sem þar var gert. Læsisvæði höfðaði bæði til stráka og stelpna þó að strákarnir hafi valið það oftar. Þetta sýndi okkur að við þurftum að hvetja strákana til að velja sér listasvæði og finna verkefni þar sem höfða til þeirra. Einnig þurftum við að kynna byggingasvæði betur fyrir stelpunum. Ákveðið var að byrja hvert skólaár á að skipta börnunum upp í hópa og að hver hópur væri í ákveðinn tíma á hverju svæði til að kynna því betur.



### 4.3 Skráning á dótadegi

Í Geislabaugi eru dótadagar einu sinni í mánuði. Þá mega börnin koma með leikfang að heiman. Við tókum myndir af barninu með leikfangið til að skoða hvaða leikföng börnin voru að leika með heima. Við tókum 321 ljósmynd, 154 af stelpum og 167 af strákum.

	Stelpur	Strákar
„Stelpudót“	110	4

„Strákadót“	8	144
Hlutlaust dót	36	19

Við ákváðum að flokka leikföngin út frá því hvernig þau eru markaðssett og eftir hugmyndum okkar um hvað væru stelpu- og stráka leikföng. Stundum gat verið erfitt að flokka leikföngin. Við flokkuðum t.d. bolta sem hlutlaust dót en þegar boltinn er orðinn bleikur prinsessubolti, hvað þá? Gítar ætti líka að vera hlutlaust dót, en hvað gerum við þegar hann er skærbleikur? Einnig flokkuðum við bangsa sem hlutlaust dót en oft var búið að kynja bangsana t.d. bleikum lit. Hefur það líklega áhrif á fjölda stelpna sem eru með hlutlaust dót. En það er greinilegt á þessari athugun að leikföng sem börnin eru að leika með heima eru í flestum tilfellum mjög kynjuð.



#### 4.4 Skráning á öskudagsbúningagerð

Í leikskólanum hefur skapast sú hefð að börnin búa til sinn eigin öskudagsbúning fyrir öskudaginn. Þetta er stórt verkefni sem getur tekið allt að 4-6 vikur og fléttast þá inn í daglegt starf leikskólans með áherslu á skapandi vinnu. Áður en þetta verkefni byrjar fara kennarar



yfir hin ýmsu starfsheiti með börnunum og taka það skýrt fram að hver og einn má vera eins og hann vill. Þá er rætt um hin ýmsu störf og hvort til séu karlastöf og kvennastörf. Við þetta myndast mjög skemmtilegar umræður í barnahópnum semvirðast þó lítið skila sér í meiri fjölbreytni í öskudagsbúningagerð. Börnin eru frekar föst í því að gera ofurhetju- og prinsessubúninga, en með nokkrum undantekningum þó.



Þetta er þó misjafnt eftir árum þar sem kvikmyndir og leikfangamarkaðssetning hefur mikil áhrif.



Í upphafi voru flest börnin á því að það væri alls ekki hægt að fara í strákahlutverk ef maður væri stelpa og öfugt og kom þetta skýrt fram hjá 3-4 ára hópnum. Það kom einnig í ljós að stelpurnar virtust tilbúnari til þess að velja sér „stráka“ hlutverk eins og Spiderman eða Bósa ljósár en enginn strákur valdi sér „stelpu“ hlutverk eins og prinsessa eða Solla stirða. Jákvæð þróun hefur verið á þessu en samt er það ennþá þannig að strákarnir gera ekki „stelpubúning“ en stelpurnar eru mun opnari fyrir því að gera „strákabúning“.



#### 4.5 Myndbandsupptökur á deildum þar sem skoðuð eru samskipti kennara og barna

Gerðar voru myndbandsupptökur af ýmsum aðstæðum á deildunum t.d. við matarborð, í fataherbergi og í samverustundum. Með þessu vorum við að vonast eftir að geta skoðað samskipti barnanna við hvort annað og við kennara. Einnig vildum við skoða hvort að við kennararnir séum að koma eins fram við alla, hvort við gerum sömu kröfur á stelpur og stráka eða hvort einhver mismunun komi fram.

Upptökur þar sem við vorum sérstaklega að beina sjónum okkar að kennurum gengu ekki vel hjá okkur. Við hefðum þurft að skipuleggja upptökurnar betur þannig að auðveldara hefði verið að vinna úr þeim. Kennarar urðu ofur meðvitaðir um myndavélina og lögðu sig fram um að tala „rétt“ og vanda sig í framkomu. Þetta hafði samt mjög margt jákvætt í för með sé. Kennara urðu meðvitaðri um það hvernig þeir voru að koma fram við kynin og miklar umræður sköpuðust í kennarhópnum um það hvort og þá hvernig við værum að gera mismunandi kröfur til drengja og stúlkna.

## 5. Annar áfangi: Þemavikur

Í byrjun skólaársins 2012 fórum við yfir það sem vel hafði gengið í verkefninu og hvað hefði mátt gera betur. Helsta niðurstaðan var sú að við vorum ekki að gefa verkefninu nægan tíma innan dagskipulags leikskólans. Það var því ákveðið að setja inn á skóladagatalið eina viku í mánuði sem tileinkuð var verkefnavinnu tengd þróunarverkefninu. Við settum upp þema fyrir hvern mánuð sem unnið var með á öllum deildum. Verkefnin voru unnin í svæðavinnunni og náðum við þannig að tengja það inn í leikskólastarfið án þess að skapa auka álag á deildunum. Verkefnavinnan var þannig sett upp að við vorum að skoða hugarheim barnanna í gegnum viðtöl, myndlist og sköpun.

### 5.1 Þemavika I: október 2012

Börnin á eldri deildunum teiknuðu mynd. Þau áttu að teikna eina stelpu og einn stráka. Allir litir voru í boði og voru umræður barnanna teknar upp á myndband.



### Dæmi um umræður þriggja 5 ára drengja á meðan þeir voru að teikna mynd:

*Kennari: er einhver munur á stelpum og stráku?*

*... nei, samt eru stelpur líka bleikar..já og sumar eru ljósgular.*

*Kennari: hvað gera stelpur?*

*... ég veit það ekki... setja í þvottavélina.*

*Kennari: gera strákar það ekki líka?*

*...jú*

*Kennari: hvað gera stelpur meira?*

*... þvo allt húsið.. þær geta líka leikið sér í tölvuleik*

*Kennari: en hvað gera strákar?*

*...þeir leika í tölvuleik og svo með dótið sitt og dráttavélar*

*Kennari: geta stelpur átt dráttavél?*

*... já stelpudráttarvél.*

*Kennari: hvernig er stelpudráttavél?*

*...hún er svona bleik og appelsínugul og svoleiðis.*

*Kennari: hvernig dót eiga strákar?*

*...nú strákadót... en allt dót er stráka og stelpudót.*

Á yngstu deildunum settu kennararnir upp leikaðstæður. Börnunum var skipt í 3 hópa; einn strákahópur, einn stelpuhópur og einn blandaður hópur. Leikið var með dúkkur og matardót. Leikurinn var tekinn upp á myndband. Ekki var mikill munur á leik kynjanna á yngstu deildinni. Drengirnir höfðu þó styttra úthald í leiknum. Bæði kynin fóru að leggja á borð og elda matinn, en stúlkurnar eyddu meiri tíma í leik með dúkkurnar en strákararnir.

Einnig gerðu kennarar þar „svampa“ prófið. Settir voru tveir svampar; bleikur og blár fyrir framan börnin og skoðað hvaða svamp þau völdu.

Þetta var skemmtilegt verkefni og mest til gamans gert. 26 börn tóku svampaprófið. 17 strákar og 9 stelpur. Það var greinilegt að yngstu strákararnir okkar voru ekki að velja fyrir sér stráka eða stelpulit. 13 strákar völdu bleikan svamp og 4 bláan. Stelpurnar voru greinilega meira meðvitaðar en 8 stelpur völdu bleikan svamp en 1 bláan.



## 5.2 Þemavika II: nóvember 2012

Börnin voru hvött til að koma með uppáhalds bækurnar sínar að heiman og kennarar skráðu niður hvaða bækur þau komu með. Einnig voru skráðar allar sögur sem lesnar voru í leikskólanum þessa vikuna. Mörg barnanna komu með bækur úr Disney bókaflökknum sem fjalla um hinar ýmsu sögupersónur Disney myndanna. Einnig var komið með ævintýrabækur og bækur um innipúkann. Erfitt var að greina mun á milli kynjanna hvað bókaáhuga varðaði.

## 5.3 Þemavika III: desember 2012

Við söfnuðum saman leikfangabæklingum frá helstu leikfangaverslunum í Reykjavík. Börnin fengu að skoða bæklingana og klippa út myndir af því sem þeim fannst mest spennandi og límdu þær á blað. Á yngstu deildunum klipptu kennararnir út allskonar myndir og sýndu börnunum. Börnin völdu svo þær myndir sem þeim fannst flottastar. Í bæklingaverkefninu kom mjög skýrt fram áhugasvið barnanna. Nánast allar stelpur völdu myndir af leikföngum sem voru bleik eða „stelpuleikföng“ og allir strákar völdu leikföng sem voru blá eða svört og greinileg „strákaleikföng“. Við teljum það koma skýrt fram í þessu verkefni hvað markaðsetning og það hvernig auglýsingar eru settar fram hefur mikil áhrif á leikfangaval barna og þeirra sem gefa börnum leikföng. Það væri því óska staða að leikfangaframleiðendur og þeir sem markaðssetja leikföng hættu að kynja leikföngin og ætla börnum að hafa aðeins áhuga á að leika með leikföng sem ætluð eru ákveðnum kynjum. Yngstu börnin völdu einnig myndir sem ætla mætti að væru markaðsettar út frá kynjum. Má þar nefna að flestar stelpurnar völdu bleikar dúkkur eða bleika dúkkuvagna og flestir strákar völdu bíla eða Bósa ljósár.





#### 5.4 Þemavika IV: janúar 2013

„Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór“ var þema í 4. viku. Hvað gera mamma og pabbi, amma og afi? Hvað gerir fólk í vinnunni sinni? Hin ýmsu störf voru kynnt fyrir börnunum og umræður um hverjir sinna þessum störfum. Eru sum störf bara fyrir karla eða bara fyrir konur? Tekin voru viðtöl við nokkur börn í blönduðum hópum þar sem þetta var rætt. Flest börnin voru með það á hreinu að öll störf væru bæði fyrir konur og karla. Það var engin vafi á því að störf eins og lögreglumaður, lækni, dansari, smiður, söngvari og bóndi væru fyrir bæði kynin. Drengirnir ætluðu flestir að verða fótboltakappar en stúlkurnar vildu helst verða bóndakonur eða búðakonur.

#### **Þegar börnin voru spurð að því hvort kennarinn sem var kona gæti verið Íþróttálfur skapaðist þessi umræða:**

*Kennari: get ég þá verið íþróttálfur?*

*„Já“*

*„nei... eða jú en þá þarft þú að klippa hárið þitt stutt“.*

*Kennari: en geta strákar leikið Sollu?*

*„neihei.. annars verða þeir að slétta hárið sítt. Allir verða þá að vera með hárkollu“*

*„já eða nei, útaf þeir eru ekki stelpur“*

*Kennari: Geta strákar ekki leikið stelpur?*

*„nei útaf þá þurfa þeir að fara í stelpubúning“*

*Kennari: En ef strákur elskar Sollu, má hann þá ekki leika Sollu?*

*„jú“.*

*Kennari: Geta stelpur leikið íþróttálf?*

*(strákur) „nei, út af stelpur eru ekki karl“*

*Geta stelpur ekki leikið karl?*

*„nei“*



*(stelpa) „jú, ég get það“.*




Á yngstu deildum var haldið áfram með myndbandsupptökur af leik barnanna í mismunandi hópum. Á þessum myndböndum kemur enn frekar í ljós að börnin á yngstu deildunum leika með allan leikefniviðinn. Við tókum einnig myndband af eldri börnum í uppsettum leikaðstæðum. Það er áberandi í þeim upptökum að drengirnir vildu síður leika með ”stelpudót” og þá sérstaklega ”stelpubúninga”. Hvort það var vegna áhugaleysis eða hópþrýstings vitum við ekki. Stelpurnar voru opnari fyrir öllum efnivið og fóru strax að leika með það sem sett var fyrir þær á meðan drengirnir mótmæltu hástöfum.

## 5.5 Þemavika V: febrúar 2013

Í fimmtu þemavikunni unnum við með fjölskylduna. Börnin teiknuðu myndir og rætt um um hver gerir hvað í fjölskyldunni. Það var greinilegt á umræðum barnanna að foreldrar hjálpast að við heimilsstörfin, við fengum dæmi um pabba sem bakar bleikar kökur og mömmur sem voru í tölvuleik. Einnig voru mömmur að taka til og pabbar að elda mat og búa til kórónur.



Börnin á yngstu deildinni fengu tvær höfuðfætlur, mynd af stelpu og stráki sem þau áttu að lita eftir eigin höfði. Mörg yngstu barnanna voru farin að flokka stelpur og stráka út frá litum.




## 5.6 Þemavika VI: mars 2013

Tónlistavika. Börnin voru hvött til að koma með tónlist að heiman. Við skráðum niður hvaða tónlist þau völdu sér og hvað kennarar völdu til að hlusta á í leikskólanum. Einnig fórum við yfir söngbókina okkar og skoðuðum texta út frá kynjasjónarhorni. Söngbókin er nú til endurskoðunar og verða textar teknir úr henni sem halla á annað kynið.

## 5.7 Þemavika VII: 15 – 19 apríl 2013

Bókavika. Börnin voru hvött til að koma með bækur að heiman. Við skráðum niður hvaða bækur þau völdu sér og hvaða bækur kennararnir völdu til að lesa í leikskólanum. Einnig fórum við yfir bókasafnið okkar og tókum út bækur ef stýrihópnum fannst þær ekki viðeigandi lesning út frá jafnréttishugsuninni. Þá kom ýmislegt í ljós. Við fundum m.a. bók um prinsessu sem var mjög falleg og góð. Hún hitti prins sem gaf henni hring af því að hann elskaði hana. En prinsessan var alltaf að týna hringnum og í hvert skipti sem það gerðis þá hætti prinsinn að elska hana.



Það var mjög gott að fara yfir bókasafnið því það voru margar bækur þar sem ekki styðja jafnréttisstefnuna. Við skoðum bækurnar líka út frá bókarkápunum, lit og hvort verið væri að



halla á annað kynið í framsetningu bókarinnar. Ef keyptar eru bækur fyrir bókasafn leikskólans í dag er alltaf passað að þær höfði til beggja kynja, að ekki halli á annað kynið og sérstaklega valdar bækur sem fjalla um fólk í óhefðbundum kynhlutverkum.

## 6. Þriðji áfangi: Kennarinn er málið

Í þriðja og síðasta áfanganum unnum við úr þeim gögnum og verkefnum sem við vorum búin að afla okkur. Við höldum áfram að vinna verkefni með börnunum. Eitt af þeim verkefnum var að senda foreldrum sögu heim sem við fengum að ljósrita með leyfi höfundar. Sagan er tekin úr bókinni „Eru fjöllin blá?“ eftir Írisi Arnardóttur. Sagan heitir „Er ég strákur eða stelpa?“ (sjá viðauki 1), og fylgja henni spurningar sem við báðum foreldra að svara með börnunum og senda okkur svörin. Þetta var skemmtilegt verkefni sem tengdi foreldra við hugsunina í verkefninu okkar.

### Dæmi um svör úr þessu verkefni:

*Vinna margar konur á gröfu?*

*Nei, af því að sumar konur þrjóna.*

*Nei, þetta gera bara strákar.*

*Nei, því þær eru að hugsa um börnin.*

*Já, því stelpur og strákar geta verið vinir og unnið saman á gröfu.*

*Eiga strákar bangsa? en dúkkur?*

*Já strákar eiga bangsa. Nei bara sumir eiga dúkku. Stelpum finnst meira gaman að leika með dúkkur.*

*Bara stelpur eiga dúkkur.*

*Strákar eiga ekki dúkkur, af því það er stelpulegt. Þeir eiga bangsa af því það er bæði fyrir stráka og stelpur.*

*Strákar eiga ekki dúkkur, það er stelpudót, en þeir mega alveg leika með það.*

*Eiga stelpur bíla og gröfur?*

*Þær eiga stelpubíla og stelpugröfur. Þar sem barbí kallarnir og barbí stelpurnar geta farið í og vinnið.*

*Stelpur nota ekki bíla eða gröfur því það er strákadót.*

*Nei, það er hættulegt.*

*Já, bara bleika.*

*Baka afar súkkulaðikökur?*

*Nei bara amma bakar köku. Afi veit ekki hvað á að gera við kökurnar, hann getur ekki bakað.*

*Já, af því afi er bakari.*

*Afar baka alls ekki súkkulaðikökur, það gera mömmur.*

*Kunna margar mömmur að smíða og bora?*

*Já, bara að smíða en fáar stelpur geta borað.*

*Nei, af því að þær eru stelpur og kannski smíða þær bara puttann á sér.*

*Nei ömmur og mömmur kunna ekki að bora. Þær hafa ekki lært það, held þær vilji ekki vera skítugar.*

*Eru margar konur sem geta gert við bíla?*

*Já, það geta það allir. mamma, pabbi, amma, afi.*

*Já sumar konur keyra þegar pabbar eru ekki.*

*Já, þegar bíllinn okkar bilaði varst þú að hjálpa pabba.*

*Veit ekki, held þær vilji ekki vera skítugar.*

Við getum tekið úr þessu verkefni hversu mikilvægt það er að börnin hafi fyrirmyndir í kringum sig sem fara yfir kynjalandamærin og að við vekjum athygli þeirra á fólki sem ekki fylgir hefðbundnum kynhlutverkum.

Pilsadagur var á einni deildinni þar sem allir sem vildu mættu í pilsum í leikskólann. Þeir/þær sem ekki áttu pils fengu lánað í leikskólanum. Allt hófst þetta með umræðu sem skapaðist í barnahópum um hversu skrytið það væri að fullorðnir væru alltaf að ráða því hvernig börnin ættu að vera, hvaða liti þau ættu að nota, hvaða dót þau ættu að leika með og hvernig fötum þau ættu að klæðast. Út frá þessari umræðu ákváðu þau að hafa pilsadag á deildinni og tóku foreldrar vel í hugmyndina. Flest börnin voru tilbúin í það, klæddu sig í pils og léku sér eins og ekkert væri eðlilegra.



## 6.1 Hlutverk kennara

Þegar við tökum saman allt sem við erum búin að gera í þessari jafnréttisvinnu komumst við alltaf að sömu niðurstöðu: Kennarinn er aðalmálið. Við teljum að við breytum engu í jafnréttishugsun í leikskólastarfinu ef við höfum ekki kennarana með okkur. Kennarinn er mikilvægasta verkfærið. Hann er fyrst og fremst fyrirmynd sem getur sáð jafnréttisfræjum allan daginn. Að vinna að auknu jafnrétti krefst skapandi hugsunar og þess eiginleika að grípa tækifærið þegar það gefst. Vinna með jafnrétti þarf að endurspeglast í öllum athöfnum dagsins og í öllum verkefnum sem unnin eru. Kennarinn þarf að skapa aðstæður og umhverfi sem höfðar til beggja kynja, grípa umræðuna hjá börnunum og passa að hvergi halli á annað kynið. Þetta krefst þess að kennarar kanni viðhorf sín, taki þátt í umræðu um jafnrétti og þjálfist í að greina mismunun í samfélaginu. Það er því mjög mikilvægt að skapa vettvang til umræðna um jafnréttismál í kennarahópnum. Við settum okkur eftirfarandi einkunnarorð jafnréttisfræðslunnar í Geislabaugi til að hvetja kennara okkar til að vera virkir jafnréttisleiðbeinendur.

- Vertu góð fyrirmynd.
- Taktu þátt í þjóðfélgasumræðu um jafnrétti.
- Kynntu þér jafnréttisstöðina í námskránni okkar.
- Temdu þér orðræðu sem smitar jafnréttishugsun í börnin.
- Vertu meðvituð/meðvitaður um að tala gegn staðalímyndum.
- Talaðu gegn útlitsdýrkun og klámvæðingu.
- Ekki treysta því að einhver annar sjái um jafnréttisfræðsluna. Taktu ábyrgð og gerðu það sjálf/sjálfur.
- Öll höfum við mismunandi skoðanir á jafnrétti, útlitsdýrkun, líkamsvirðingu og staðalímyndum. Í okkar starfi ber okkur skylda til að hafa jafnréttishugsjónina að leiðarljósi og vinna gegn mismunun.

Einnig þurfum við að vera meðvituð um það hvað við getum gert í okkar daglega starfi til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Vinna með börnum krefst þess að hlusta og grípa það sem börnin eru að gera og segja til að nýta það í kennsluna. Þetta er ekki síst mikilvægt í jafnréttisfræðslunni sem þarf að vera hluti af öllu starfi leikskólans.

- Grípum tækifærið þegar það gefst til að „ögra“ ríkjandi viðhorfum og sköpum þannig umræðu „*var pabbi að þrjóna þessa sokka fyrir þig?*“.

- Vekjum athygli barnanna á því þegar fólk „þorir“ að fara yfir „kynjalandamærin“ . Hengjum upp myndir á leiksvæðum af hugrökku slökkviliðskonunni og umhyggjusama karlkyns hjúkrunarfræðingnum.
- Sköpum aðstæður fyrir drengi til að leika sér meira í umönnunarleikjum, fara í „stelpubúninga“ og leika „stelpuhlutverk“.
- Sköpum aðstæður fyrir stúlkur til að æfa kjark og þor og trú á eigin getu.
- Pössum okkur á að styrkja ekki „óvart“ gömul og úreld gildi um hlutverk kynjanna. „*Mamma setur þetta bara í þvottavélina þegar þú kemur heim.*“
- Verum vakandi fyrir orðræðu sem talar annað kynið niður „*Þú kastar eins og kelling*“, „*þú vælir eins og smástelva.*“
- Gerum ekki ráð fyrir því fyrirfram hvaða leikefniviður höfðar til barnanna. Vilja allir drengir vera í bílaleik og allar stúlkur í mömmó.
- Hrósum fyrir eiginleika frekar en útlit. Vekjum t.d. athygli á blíðum og umhyggjusömum drengjum og sterkum og hugrökku stúlkum.
- Hættum að gera ráð fyrir að allar stelpur séu prinsessur og allir strákar séu ofurhetjur.
- Hættum að nota orð eins og stelpudót og strákadót, stelpulitir og strákalitir. Leikföng eru leikföng, litir eru litir og börn eru börn.
- Skoðum leikföng sem við erum að kaupa, sögur sem við erum að lesa og viðhorf sem við erum að kenna með gagnrýnum huga.
- Gefum börnunum tækifæri til að læra það sem þau vilja, leika með það sem þau vilja og verða það sem þau vilja óháð því hvort þau fæddust strákur eða telva.
- Vinnum með viðhorf kennara. Kennarinn, framkoma hans og orðræða við börnin er besta fyrirmyndin í jafnréttisuppeldi barnanna.
- Eflum börnin í að vera gagnrýnin á umhverfi sitt og aðbúnað.
- Styrkjum sjálfsmynd barnanna með það í huga að þau verði sterkir einstaklingar sem hafa frelsi til að vera og gera eins og þau langar til, óháð hugmyndum markaðsafla um hvað er „stelva“ og hvað er „stráka“.
- Sköpum börnunum það umhverfi í leikskólanum að þau þori, geti og vilji fara út fyrir stelva og stráka landamærin.
- Finnum leiðir til að hvetja bæði kyn til að taka jafnan þátt í umönnunarleikjum.

*Stelva1: Sjáðu ég er í strákafötum” (var í dökkbláum heilgalla og cars bol)*  
*Stelva2:”En það eru ekki til strákaföt”.*

- Skoðum allt efni sem við erum að leggja fyrir börnin með kynjagleraugum.
- Hvetjum til umræðna í barnahópnum um hvernig við getum breytt gömlum hugmyndum um hvernig stelpur og strákar „eigi“ að vera.



## 6.2 Kennarakönnun

Til að skoða hvort vinna við þetta verkefni hefði haft áhrif í kennarahópnum lögðum við spurningalista fyrir kennara um hvort og þá hvernig vinna að þróunarverkefninu hefði breytt hugsun kennarans um jafnrétti. Þar kom margt áhugavert í ljós. Greinilegt er að kennarar eru farnir að vera mun meðvitaðri um jafnrétti og hvernig hægt er að vinna með viðhorf með breyttri orðræðu í kringum börn. Kennararnir eru einnig orðnir meðvitaðri um að gera ekki mismunandi kröfur til stráka og stelpna en segja jafnframt að það sé mjög auðvelt að falla í þá gryfju. Dæmi um svör úr könnuninni:

*„Já ég er meðvitaðri um jafnrétti á öllum sviðum. Er farin að ígrunda meira sjálfan mig og skoðanir mínar gagnvart jafnrétti allra, bæði hér í leikskólanum og samfélaginu“.*

*„Þetta hefur hjálpað manni að vera gagnrýninn á umhverfið og sjálfan mig“.*

*„Starfsfólk er mis opið fyrir efniviðnum, að jafnaði hafa börnin möguleika á öllum efniviðnum. Öllum finnst mjög eðlilegt þegar stelpur leika sér með bíla en það kemur alltaf stolt og bros hjá hinum fullorðnu þegar strákar fara í prinsessukjóra“.*

*„Ósjálfrátt hrósar maður frekar stelpum fyrir útlitið og notar ólík orð og áherslu í spjalli, sem maður leiðréttir þegar maður fattar það“.*

*„Ég er ákveðnari við stráka“.*

*„Ég er mun meðvitaðri um að koma eins fram við þau. Þróunarverkefnið hefur hjálpað mér að sjá að við erum ekki að koma eins fram og um leið fer maður að vinna að því að bæta úr því“.*

*„Finnst ég detta í þann gír að skamma strákana en tala við stelpurnar og þessu ætla ég að breyta“.*

*„Kemur fyrir að manni finnist að strákar eigi að vera harðari af sér þegar þeir meiða sig. Mætti vera duglegri að segja stelpunum að bíta á jaxlinn“.*

*„Ég er t.d. meira að hrósa börnunum fyrir hver þau eru og hvað þau geta en ekki ytri umbúðir. Og styrkja t.d. stelpurnar að vera aðeins harðari og þess háttar og það er í lagi að gera mistök, við erum ekki fullkomin. En með strákana að fara inn á það að setja sig í spor annarra, samkennd og svoleiðis“.*

Þetta sýnir okkur að jafnréttisumræða í skólanum hefur strax áhrif út í kennarahópinn. Það er því gríðalega mikilvægt að halda henni stöðugt á lofti. Koma með áleitnar spurningar og minna hvort annað á þegar við erum að fara út af sporinu. Góðar rökræður um jafnréttismál á kaffistofunni skila sér alveg örugglega út í kennsluna og þó það væri ekki til neins annars en að gera kennarann meðvitaðan um mikilvægi þess að vera stöðugt á tánum með að vera góð jafnréttisfyrirmynd fyrir börnin.

### 6.3 Gátlistinn:

Í lok verkefnisins fylltu kennarar út jafnréttisgátlista Geislabaugs (sjá viðauka 2). Við settum saman gátlista úr öðrum listum sem gerðir hafa verið og aðlöguðum að okkar starfsemi. Listinn var fylltur út á deildarfundi og aðallega hugsaður til að vekja umræður í starfsmannahópnum sem og til að skoða hvort og þá hvar við þurfum að bæta okkur til að verða betri jafnréttisskóli. Einn hluti listans er hugsaður sem einstaklingslisti og fylltu kennarar hann út hver fyrir sig (sjá viðauki 3). Allir kennarar voru sammála um að það var mjög gott og gagnlegt að fara yfir listann í sameiningu. Miklar umræður sköpuðust sem gera kennara meira meðvitaða í starfi með börnunum. Það var áberandi að kennarar töldu að bæði kyn hefðu oftast jafnan aðgang að öllum leiksvæðum og leikefni við. Flestir töldu sig koma eins fram við kynin en stundum væri talað á mýkri hátt við stúlkur en drengi. Tekið er eins á reglubrotum hjá báðum kynjum og bæði kyn hugguð á sama hátt. Kennarar telja sig hrósa báðum kynjum á sama hátt og gera jafn miklar kröfur til þeirra hvað varðar hjálpssemi og snyrtimennsku.

Það sem enn má bæta er að hafa myndir aðgengilegar á öllum deildum sem sýna fólk í hinum mismunandi hlutverkum og sérstaklega fólk sem er að fara yfir hin hefðbundnu kynjalandaári. Einnig þurfum við að vera meira meðvituð um að lesa bækur eftir bæði karl- og kvenhöfunda og vekja athygli barnanna á því hver er að skrifa sögurnar sem við lesum. Við þurfum að fara yfir hlutverkabúningana og taka út búninga sem ýta undir staðalímyndir. Einnig þurfum við að vera gagnrýnin á tónlistarmyndbönd sem við erum að sýna börnunum og passa að þar birtist ekki annað kynið (oftast konur) á niðurlægjandi hátt.

Það var mjög áhugavert að fara yfir einstaklingsgátlistann. Töluverðar starfsmannabreytingar hafa átt sér stað í leikskólanum á meðan vinna við þetta verkefni hefur staðið. Það kom skýrt fram í svörum margra kennara að umræða um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu þarf að vera stöðug svo ekki myndist gloppur í starfsmannahópnum. Listanum svöruðu 28 kennarar,



helmingur þeirra hafði fengið jafnréttisfræðslu síðustu 6 mánuði. Aðeins 9 höfðu kynnt sér jafnréttisstoðina í námskránni og 15 töldu sig sinna jafnréttisfræðslu í barnahópnum. Flestir töldu sig taka þátt í jafnréttisumræðum í samfélaginu og ekki ýta undir staðalímyndir kynjanna. 19 kennarar töldu sig tala jafn mikið við feður og mæður um málefni barnanna en 8 kennarar töldu sig ekki gera það. Af þeim 21 kennara sem eiga börn, voru 13 sem sögðust taka helming veikindadaga barna á móti hinu foreldrinu en 8 kennarar sögðust ekki gera það. Það má velta fyrir sér ástæðunni fyrir því, en leikskólinn er kvennavinnustaður og vísbendingar um að mæður sinni frekar veikum börnum heima en feður.

Við teljum mikilvægt og gott fyrir kennara að fylla út gátlista af þessu tagi og teljum að það geri þá meðvitaðri um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu. Þetta hjálpar okkur einnig að setja jafnréttismarkmið fyrir leikskólann.

#### 6.4 Fræðsla fyrir kennara

Stór hluti þessa verkefnis hefur falist í því að vera með fræðslu fyrir kennara skólans. Fræðsla er lykilatriði þegar vinna á með jafnréttismál. Í leikskólum vinnur fólk á mismunandi aldri, með mismunandi menntun og viðhorf. Með fræðslu náum við að sameina þennan hóp, og auka þekkingu og skapa skemmtilegan umræðugrundvöll sem skila sér út í starfið.

- Í upphafi verkefnissins hélt Ingólfur V. Gíslason fyrirlestur fyrir alla kennara skólans um kynjauppeldi.
- Á starfsdegi í október 2012 fengum við fyrirlestur frá Hönnu Björk Vilhjálmisdóttur, kennara í Borgarholtsskóla. Hanna Björk fjallaði um birtingarmynd kynjanna í auglýsingum og Disney myndum. Hún fjallaði einnig um femínisma og klámvæðingu. Fyrirlesturinn vakti miklar og skemmtilegar umræður í starfsmannahópnum.
- Í nóvember 2012 fóru sex kennarar úr stýrihópnum á ráðstefnu í Stokkhólmi. Ráðstefnan var haldin af Reggio samtökunum í Stokkhólmi og hét „En Rosa Pedagogik“, eða „bleikt“ uppeldi“. Fyrirlestrarnir voru um jafnrétti, kynin og margbreytileikann. Fyrirlesarar ráðstefnunnar vöktu upp margar skemmtilegar umræður t.d. um samkynhneigð í leikskólanum, orðanotkun um kynfæri kvenna, orðið „hen“, bleika og bláa prinsessukjóra og fleira skemmtilegt. Þessi hópur hélt kynningu um ráðstefnuna fyrir starfsmannahópinn á starfsdegi þann 30. nóvember.

- Í janúar 2013 hélt Þórdís Þórðardóttir lektor við HÍ fyrirlestur á starfsdegi. Hún fjallaði um doktorsverkefnið sitt; *Meningarlæsi: hlutverk barnaefnis í uppeldi telpna og drengja í tveimur leikskólum*.
- Tveir kennarar fóru á fund með „Náum áttum“ hópnum. Yfirskrift fundarins var *Hver er ég? Kynferði og sjálfsmynd unga fólksins*.
- Við tókum þátt í stóra leikskóladeginum. Þar kynntum við verkefnið á veggspjöldum (sjá viðauka 4). Það var mjög gaman að taka þátt í þessum degi og fengum við mikla hvatningu með verkefnið okkar.
- Einn kennari leikskólans sat í starfshópi á vegum Skóla- og frístundarsviðs um líðan stelpna og hamlandi áhrif staðalímynda í lífi stelpna og stráka.
- Einnig voru styttri kynningar og fyrirlestrar í starfsmannahópnum af og til yfir tímabilið.

Við höfum fengið tækifæri til að kynna verkefnið okkar fyrir utan leikskólann. Það hefur verið mjög skemmtilegt og skapað góðar umræður. Við höfum m.a. kynnt verkefnið fyrir hópi Norðmanna sem voru að heimsækja Skóla- og frístundasvið, fyrir starfshópi um líðan stúlkna og á sameiginlegum starfsdegi allra leik- og grunnskóla í Grafarholti og Úlfarsárdal.

## 7. Hvað höfum við lært?

Þegar við tókum saman öll verkefni sem við höfum unnið á tímabilinu og skoðum hvað viðhöfum lært erum við sammála um að:

- Börnin byrja mjög ung að skilgreina sig út frá bleiku og bláu.
- Börnin á yngstu deildunum leika sér með öll leikföng deildarinnar óháð því hvort að það er „stelpudót“ eða „strákadót“.
- Börnin á eldri deildunum eru flest mjög meðvituð um hvað er „stelpu“ og hvað er „stráka“ og takmarka leik sinn í samræmi við það.
- Markaðssetning leikfanga og fatnaðar fyrir börn hefur mikil áhrif á áhugasvið þeirra og hugmyndir um hvað er „stelpu“ og hvað er „stráka“.
- Stelpur virðast eiga auðveldara með að stíga yfir „strákalandamærin“ en að strákar stígi yfir „stelpulandamærin“.
- Kennarar eru orðnir mjög meðvitaðir um mikilvægi jafnréttis og jafnréttisumræðu. Þekking þeirra á jafnrétti í daglegu starfi hefur dýpkað.

- Boðskapurinn dreifir sér frá okkur inn á heimili kennara, barna og í nærumhverfi þeirra.
- Foreldrar styrkja hugmyndir barnanna (meðvitað eða ómeðvitað) um hvað er „stelpu“ og hvað er „stráka“.
- Börn eru fljót að læra. Þau eru stundum of upptekin af því að svara „rétt“.
- Kennarar nota meira uppeldisfræðilegar skráningar eftir að hafa verið í þessu verkefni.
- Það sem við erum að gera skilar árangri.



## 8. Hvað svo?

Hvað ætlum við í Geislabaugi að gera til að viðhalda þekkingu okkar og reynslu í jafnréttisfræðslu í leikskólanum? Það hefur verið mjög gagnlegt að gera hin ýmsu verkefni með börnunum og gaman að fylgjast með kennurum verða stöðugt meðvitaðri um mikilvægi jafnréttisfræðslunnar. Við settum okkur eftirfarandi markmið til að vinna út frá:

- Jafnrétti er rauður þráður í öllum námsþáttum í námskránni okkar.
- Jafnréttisáætlun, gerð á hverju hausti.
- Jafnréttisfræðsla fyrir kennara tvisvar sinnum á ári.
- Leikefniviður yfirfarinn með kynjagleraugum einu sinni á ári.
- Umhverfið yfirfarið með kynjagleraugum einu sinni á ári.
- Jafnréttisgátlistinn fylltur út á deildarfundum tvisvar sinnum á ári.
- Samantekt á hvaða svæði börnin eru að velja sér út frá kyni og hvaða leikefnivið þau velja á svæðin tvisvar sinnum á ári.
- Setja af stað jafnréttisnefnd Geislabaugs sem ber ábyrgð á að jafnrétti sé haft að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans og að halda uppi umræðu og fræðslu um jafnrétti.

Vel upplýstir og áhugasamir kennarar skapa miðla líflegri og skemmtilegri jafnréttisfræðslu til barnanna. Það er markmið okkar að börnin okkar verið sterkir einstaklingar sem þora að standa með sjálfum sér. Við viljum að þau fari út fyrir kynjalandamærin og máti sig við þau hlutverk sem þau vilja vera í. Hægt er að gera ýmis verkefni með börnunum til að hjálpa þeim á þessari leið. Hér eru nokkrar hugmyndir af verkefnum:

- Samverustund tvisvar sinnum í mánuði verður tileinkuð jafnréttisumræðu í barnahópnum.
- Vinna hugmyndabanka með hugmyndum um verkefni sem hægt er að vinna með börnunum.
- Hin ýmsu störf og hlutverk rædd áður en byrjað er á öskudagsbúningagerð.
- Pilsa og/eða kjóladagar verði einu sinni á ári.
- Bindadagur og/eða jakkafatadagur einu sinni á ári.
- Vinna með söguna „Er ég stelpa eða strákur“ og gera verkefni tengd henni.
- Vinna með söguna „Þegar Friðrik var Fríða“ og gera verkefni tengd henni.
- Láta börnin vinna stelpu og stráka teikningar og gera skráningar.
- Fjölskylduverkefni, hlutverk í fjölskyldu og störf foreldranna.

- Heimsóknir á vinnustaði þar sem fólk vinnur sem fer yfir hin hefðbundnu kynjalandamæri.
- Fá fólk/foreldra sem starfa þvert á kynjalandamærin í heimsókn til okkar.
- Börnin vinna verkefni um hlutverk kynjanna og gera skráningar.
- Skapa aðstæður þar sem strákar æfa sig að leika, umönnunarleik, jafnvel í friði frá stelpum.
- Gera skráningar í hlutverkaleik þar sem leikurinn er skoðaður út frá jafnrétti.
- Kjark og þor æfingar, þar sem börnin gera æfingar t.d. í sal þar sem reynir á kjarkinn og trú á sjálfan sig.
- Setja upp leikrit þar sem börn eða kennarar leika þekktar söguhetjur og skipta kynhlutverkum.
- Setja upp myndir af fólki í ólíkum hlutverkum á staði þar sem börnin taka eftir þeim t.d. á klósettinu.
- Hafa ákveðið þema í búningagerð fyrir öskudaginn til að hvetja börnin til að gera búninga þvert á kynjalandamæri.
- Gera verkefni með sígildar sögupersónur eins og Línu Langsokk og Einar Áskel til að vekja athygli barnanna á persónum sem eru á skjön við hefðbundnar staðalímyndir kynjanna.

## 9. Að lokum

Þegar við lögðum af stað í þetta verkefni höfðum við litla hugmynd um hvert það myndi leiða okkur. Ferðalagið hefur verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt og stuðlað að góðum skoðanaskiptum og umræðum í kennarahópnum sem og á heimilum kennara. Jafnréttiskennsla er viðamikili verkefni og erfitt að ákveða að fara einhverja eina leið í átt að auknu jafnrétti kynjanna. Að loknu þessu tímabili erum við þó sammála um að fræðsla til kennara er það sem beri að leggja megin áherslu á. Jafnrétti á að vera leiðarljós í öllu starfi leikskólans og fléttast inn í dagleg verkefni. Ef það á að heppnast verður kennarinn að vera stöðugt meðvitaður um að hvergi í umhverfinu eða starfsháttum halli á annað kynið. Kennarinn þarf að grípa umræðuna með börnunum og vekja þau til umhugsunar. Hann þarf að hjálpa börnunum að líta gagnrýnum augum á samfélagið og kenna þeim að greina óréttlæti þegar það birtist. Stöðug fræðsla og samræður í kennarahópnum skiptir því mjög miklu máli til að viðhalda þekkingu og færni.

Þegar við förum yfir upphafleg markmið verkefnisins sjáum við að okkur hefur að mestu leyti tekist að gera kennara Geislabaugs meira meðvitaða um mikilvægi jafnréttis í uppeldi barnanna. Starfsmannabreytingar gera það að verkum að fræðsla til kennara þarf að vera stöðugri og jafnari yfir veturinn og eldri kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að fræða nýja kennara um jafnrétti. Við höfum markvisst unnið að því að veita báðum kynjum jöfn tækifæri til náms og að hvetja bæði kynin til að fara yfir „kynjalandamærin“. Okkur hefur gengið betur með stelpurnar en þurfum að halda áfram að finna leiðir fyrir strákana að þora að stíga þessi skref. Við þurfum að vekja athygli á góðum fyrirmyndum fyrir strákana, efla þá í umönnunarleikjum, hjálpsemi og umhyggju. Það er á ábyrgð okkar fullorðnu að stuðla að því að hvergi halli á annað kynið og ala börnin okkar upp í því að allir séu jafnir, hvort sem þeir fæddust drengur eða stúlka.

Við höfum einnig skoðað hug barnanna með því að rýna í leikinn þeirra, listaverk og áhugamál. Það hefur verið áberandi hvað börnin á yngstu deildunum eru lítið að velta fyrir sér hvað er „stráka“ og hvað er „stelpu“. Þegar börnin fara á eldri deildir um 3-4 ára aldurinn fara þau að flokka allt eftir kyni og lit. Þarna hefur markaðsetning leikfanga og efnis fyrir börn mikil áhrif og í raun ótrúlegt hversu mikið efniviður sem ætlaður er börnum er kynjaður í samfélaginu öllu. Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því að við erum að ýta undir staðalímyndir kynjanna með því að veita börnunum okkar aðgang að þessum efnivið og þurfum að vera meðvitaðri um að sniðganga efni og leikföng sem markaðsett eru á þennan

hátt. Til að koma í veg fyrir þetta þarf samfélagið allt að taka sig saman og koma þessum skilaboðum til framleiðenda.

Þetta verkefni hefur hjálpað okkur kennurum í Geislabaugi að skoða viðhorf okkar og starfshætti. Við erum ánægð með árangurinn og höfum mikinn vilja til að halda áfram að þróa jafnréttiskennsluna hjá okkur. Þetta er stöðug vinna sem passa þarf að fái nægjanlegt pláss í daglegu starfi leikskólans svo að jafnréttið verði eðlilegur hlutur í okkar daglega starf.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla 2011* (2011) Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hafsteinn Karlsson, Stefanía Traustadóttir (2000) *Jafnréttishandbókin 2. útgáfa*  
Námsháskólanum

Hoyelos, A, (2013) *The Ethics in Loris Malaguzzi's Philosophy*. Ísalda

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson, Berglind Rós Magnúsdóttir (2013) *Jafnrétti. Ritroð um grunnþætti menntunar*. Mennta og menningarmálaráðuneytið. Námsháskólanum.

*Leiðarvísir og gátlisti um jafnréttisuppeldi í leikskólum*. (2005) Jafnréttisnefnd leikskóla  
Reykjavíkur

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. nr. 10/2008

*Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar* (2013)

Margrét Pála Ólafsdóttir, (2011) *Uppeldi er ævintýr*. Bókafélagið

Taguchi, H.L, Bodén, B. og Ohrlander, K. (2011) *En Rosa Pedagogi, Jämställdhetspedagogiska utmaningar*. Liber AB



## Viðaukar

1. Er ég strákur eða stelpa?
2. Jafnréttisgátlisti Geislabaugs – deildarlisti
3. Jafnréttisgátlisti Geislabaugs – einstaklingslisti
4. Veggspjöld